

Frétt frá Íslandsbanka:

Aukið gagnsæi og úrlausnir fyrir viðskiptavinum

Meginverkefnið þá 129 daga sem liðin eru frá stofnun nýs banka

Reykjavík 20. febrúar 2009 Síðustu mánuðir hafi einkennst af breytingum og óvissu í íslensku efnahagslífi. Á þessum tíma hafa starfsmenn Íslandsbanka lagt megin áherslu á að vinna að úrlausnum fyrir viðskiptavinum bankans og móta þær áherslur og stefnu sem Íslandsbanki mun byggja á.

Gagnsæi, samræmd vinnubrögð og bætt regluverk

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka gagnsæi í starfsemi nýja bankans. Í því sambandi hefur bankinn birt verklagsreglur vegna viðskipta starfsmanna, lánareglur og starfsreglur stjórnar og áhættunefndar. Bankinn hefur birt vinnuramma um úrlausnir fyrir fyrirtæki sem eiga í greiðsluferfiðleikum, en megintilgangur þess vinnuramma er að tryggja gagnsæi og samræmd vinnubrögð starfsmanna bankans. Þá hefur bankinn ákveðið að lykilstjórnendur hans fari í gegnum sérstakt hæfismat varðandi lög og regluverk á fjármálamarkaði.

Úrlausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Eitt af brýnustu verkefnum nýja bankans hefur verið að vinna að lausnum á greiðsluvanda heimila og fyrirtækja. Hingað til hefur viðskiptavinum verið boðið upp á tímabundna frýstingu gjaldeyrislána og hafa starfsmenn bankans unnið hörðum höndum að því að skilmálabreyta og frýsta mikinn fjölda slíkra lána og má áætla að starfsmenn bankans hafi lagt samtals á milli 12-14 þúsund vinnustundir í þá vinnu.

Glitnir Fjármögnun býður einnig þeim viðskiptavinum sem eru með bílasamninga í erlendri mynt 50% lækkun af leigugreiðslu og hafa um 500 manns nýtt sér þennan möguleika. Þá lækkaði bankinn vexti í lok janúar og vildi með því leggja sitt að mörkum til að bæta rekstarumhverfi fyrirtækja á Íslandi og létta vaxtabyrði heimilanna. Bankinn skoðar nú hvaða varanlegu úrræði hann getur boðið þeim viðskiptavinum sem eru með gengistryggð húsnæðislán að stærð.

Málefni sjóðanna

Mikið hefur mætt á starfsmönnum Eignastýringar og verðbréfasjóða við að greiða úr þeim málum sem sköpuðust við hrun á fjármálamarkaði. Allir sjóðir hafa nú verið opnaðir eða eru komnir í skipulagt ferli og eigendum hefur verið gerð grein fyrir stöðu þeirra. Þar að auki hefur sjóðafyrirtæki bankans sett á fót nýjan ríkisskuldabréfa- og innlána sjóð til ávöxtunar í skemmri tíma. Þessum sjóði hefur verið mjög vel tekið og er þegar orðinn um 5 milljarðar króna.

Sjóðafyrirtækið er hið eina sem bauð uppá val á milli slitaleiðar eða lokunar í 6 mánuði í sínum blönduðu fyrirtækja og ríkisskuldabréfsjóðum. Sjóðseigendur tóku þessu vali vel þar sem eigendur 85%-93% af verðmætum sjóðanna völdu að vera áfram í sjóðunum fremur en að fara slitaleið.

Sjóðafyrirtæki Íslandsbanka hefur í gegnum tíðina verið í fararbroddi þegar kemur að gagnsæi í sinni starfsemi og hyggst enn frekar auka áherslu á þann þátt í sinni starfsemi.

Innviðir styrktir

Á síðustu mánuðum hefur mikil áhersla verið lögð á að ljúka við endurmat efnahagsreikningsins og hafa sérfræðingar bankans unnið hörðum höndum að því í samráði við yfirvöld og erlenda sérfræðinga. Þá hefur mikið og öflugt stefnumótunarstarf verið í gangi innan bankans þar sem allir starfsmenn hafa fengið tækifæri til þess að taka beinan þátt m.a. með stefnufundi þar sem um 600 starfsmenn tóku þátt.

Ýmis verkefni sem hafa verið í gangi frá 15. október, 2008

Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar
15. Nýi Giltir tekur til starfa	10. Bankaróð tekur til starfa	02. Afreksvennaþjóður Giltis og ÍSÍ úthlutar þremur milljónum	13. Nýi Giltir opnar fyrir gjalddeyrisviðskipti í Fyrirtækjabanca á ný	02. Giltir birtir samþendrar verkisreglur vegna fyrirtækja í rekstrarefildækum
30. Giltir Sjóðir greiða úr allar eignir úr Sjóði B	12. Nýi Giltir opnar Ráðgjafatöng fyrir einstaklinga	03. Giltir fjármagnar snéði á nýrri þéru Sverisdóttur VE í Vestmannaeyjum	16. Tilkynnt að Giltir mun taka upp-þælfanat fyrir helstu stjórnendur	3. Peningamarkaðsþjóðum USD og EUR sEÖB – fyrsta greiðsla til sjóðfélaga
	19. Boðið upp á greiðsluþjónun verðtryggðra fasteignalána	05. Peningamarkaðsþjóð NOK slitið – fyrsta greiðsla til sjóðfélaga	16. Nýi Giltir sendir fréttabréf á alla erlenda tengiliði bankans	10. Breytingar í bankaróði
		10. Opnað fyrir viðskipti með Spóð 6	17. 600 starfsmenn Nýja Giltis móta stefnu bankans á stefnufundi bankans	13. Tímabundin lækkun á leigusgreiðslum íllasamninge Giltis Fjármögnunar
		10. Innlendir hlutabréfajóðir opna aftur fyrir viðskipti	21. Giltir lækka vexti	17. 300 milljónir Giltisþunkta greiddir út
		17. Tilkynnt að bankinn mun verða Íslandsbanki	23. Heimasafn opnar fyrir innláusnir	18. Uppgreiðslugjald vegna verðtryggðra húsnæðislána felt milli
		18. Eigendum í skuldabréfasjóðum 1. og 11 boðið að veita milli slita eða eiga áfram í sjóðunum	25. Giltir og Ícelandair semja um endurfjármögnun	20. Bankinn verður Íslandsbanki
		19. Starfsreglur stjórnar og lána- og verkisreglur gerðar opinberar á vef Giltis	26. Giltir með Árvakur í opnu söluferli	
		22. Giltir birtir fyrstu banka vinnutemma um úrlausnir fyrir fyrirtæki í greiðsluferildækum birtur opinberlega	28. Þeir sem völdu slít í sjóðum 1 og 11 fá greidda fyrstu greiðslu	
		29. 21. fjármálaráðgjafi útskrifaður frá Fjármálaráðgjafasætri Giltis og Háskólans í Reykjavík		
		30. Giltir og Nýsköpunarmiðstöð Íslands undirrita samning um viðskiptasetur í húsnæði bankans í Lækjargötu		
		31. Giltir kynnr fjórar leiðir fyrir til að fá betri yfirsýn yfir fjármálin fyrir heimili og einstaklinga		

Nánari upplýsingar: Már Másson, sími 844-4990, t-póstur: mar.masson@islandsbanki.is.